

Starfsmannastefna Íveru ehf

Markmið

Markmið Íveru er að hafa yfir að ráða hæfu, áhugasömu og lausnarmiðuðu starfsfólki með ríka þjónustulund. Starfsfólk félagsins er hvatt til að axla ábyrgð og taka virkan þátt í framþróun félagsins. Þá er lögð áhersla á að hver og einn starfsmaður fái tækifæri til að njóta sín, vaxa og þróast í starfi sínu fyrir félagið.

Lögð er áhersla á:

- Að starfsmenn þekki vel hlutverk og öryggisstefnu félagsins.
- Markviss vinnubrögð og frumkvæði í starfi.
- Skýra ákvörðunartöku.
- Hvetjandi starfsumhverfi.
- Að hæfni ráði vali á starfsmönnum.

Skýr starfsmannastefna styður félagið í að veita og viðhalda framúrskarandi þjónustustigi auk þess að tryggja gott samstarf meðal starfsfólks.

Starfsandi og virðing

Við viljum stuðla að góðum starfsanda og sýna samstarfsmönnum og viðskiptavinum tilhlýðilega virðingu, umburðarlyndi og jákvætt viðmót.

Ráðningar

Við ráðum til starfa hæfa og metnaðarfulla einstaklinga sem eru tilbúnir að takast á við krefjandi verkefni í síbreytilegu umhverfi. Skýr starfslýsing og vel skilgreindar hæfniskröfur eru grundvöllur ráðninga til félagsins. Faglegt ráðningarferli miðar að því að velja einstaklinga sem efla þann hóp sem fyrir er á hverjum tíma. Gengið er frá öllum ráðningum með formlegum hætti með ráðningarsamningi og starfslýsingu.

Nýir starfsmenn

Við tökum vel á móti nýjum starfsmönnum og samstarfsfólkið hjálpast að til að nýir starfsmenn fái þjálfun og tilsögn til að komast hratt og vel inn í það starf sem þeir eru ráðnir til. Stjórnendur eru ábyrgir fyrir því að styðja við bakið á nýjum starfsmönnum sínum og fylgja fyrirliggjandi ferli um móttöku nýrra starfsmanna.

Starfsþróun og þjálfun

Möguleikar okkar eru jafnir til starfsframa, þannig að tryggt sé að hæfileikar nýtist sem best óháð kyni, aldri, trúarskoðunum, stjórnmálaskoðunum, þjóðerni eða litarhætti. Allir starfsmenn eiga kost á starfsmannaviðtali a.m.k. einu sinni á ári.

Upplýsingar

Við leggjum áherslu á markvissa upplýsingagjöf til starfsmanna með reglubundnum upplýsingafundum og upplýsingabréfum. Þá er lögð áhersla á að stjórnendur veiti starfsmönnum

reglulega endurgjöf um frammistöðu auk þess sem árleg starfsmannasamtöl eru nýtt til markmiðasetningar fyrir hvern starfsmann.

Félagslíf

Við styðjum við starfsemi starfsmannafélags Íveru sem er með reglubundna atburði fyrir starfsmenn og fjölskyldur þeirra. Áhersla er lögð á að allir starfsmenn, óháð landfræðilegri staðsetningu, fái tækifæri til að taka þátt í félagslífi á vegum starfsmannafélagsins.

Jafnrétti

Það er stefna Íveru að gætt sé jafnréttis milli kvenna og karla og að hver starfsmaður sé metinn á eigin forsendum óháð kynferði. Öll mismunun er óheimil innan félagsins í hvaða formi sem hún birtist.

Einelti og kynferðisleg áreitni

Við líðum ekki einelti eða kynferðisleg áreitni. Telji starfsmaður sig verða fyrir slíku skal hann snúa sér hið fyrsta til næsta yfirmanns og tilkynna um atvikið. Ef næsti yfirmaður er gerandi máls eða sinnir því ekki getur viðkomandi snúið sér til framkvæmdastjóra eða mannauðsstjóra félagsins. Það er á ábyrgð þess, sem tekur við tilkynningu um slík atvik, að beina málinu í réttan farveg innan félagsins samkvæmt fyrirliggjandi ferli.

Sveigjanleiki

Við leitumst við að auðvelda starfsmönnum að samræma vinnu og fjölskyldulíf. Stjórnendur leggja sig fram um að leysa starfstengd og persónuleg mál í samvinnu við starfsmenn. Mögulegur sveigjanleiki tekur mið af aðstæðum innan félagsins á hverjum tíma en gagnkvæmni og náð samstarf og trúnaður milli stjórnanda og starfsmanns er forsenda sveigjanleika.

Trúnaður og siðareglur

Starfsmenn Íveru eru bundnir trúnaði um allt það sem þeir komast að við framkvæmd starfa sinna nema um sé að ræða atriði sem eðli máls samkvæmt er ætlað að komast til vitundar þriðja manns. Trúnaður þessi er óbreyttur eftir starfslok.

Starfslok

Þegar starfslok nálgast vegna aldurs leitast Ívera við að finna farsælar lausnir báðum aðilum til hagsbóta.

Endurskoðun starfsmannastefnu

Starfsmannastefna Íveru er endurskoðuð á 2ja ára fresti, næst í október 2027